Nr. 284 27. mars 2006

# SKIPULAGSSKRÁ

**fyrir Ljósið.**

*Heiti.*

1. gr.

Stofnunin er sjálfseignarstofnun og er nafn þess Ljósið og starfar eftir ákvæðum laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

*Heimilisfang.*

2. gr.

Heimilisfang sjálfseignarstofnunarinnar er að Neskirkju, Hagatorgi, 107 Reykjavík.

*Tilgangur.*

3. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að stofna og styrkja Ljósið, endurhæfingarmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra.

*Stofnendur.*

4. gr.

Stofnendur stofnunarinnar eru:

| Kennitala | Nafn | Heimili | | Upphæð |
|---|---|---|---|---|
| 020442-4419 | Eyjólfur G. Sigurðsson | Austurbergi 8 | Reykjavík | 2.500 |
| 510193-2619 | Danica sjávarafurðir ehf. | Laugavegi 44 | Reykjavík | 320.000 |
| 131055-5289 | Sigrún Lára Shanko | Langholtsvegi 96 | Reykjavík | 5.000 |
| 580883-0289 | Safalinn ehf. | Dugguvogi 3 | Reykjavík | 10.000 |
| 100746-3799 | Ólafína Sigrún Ólafsdóttir | Esjuvöllum 2 | Akranes | 2.500 |
| 140444-2519 | Þorgeir Sigurðsson | Rjúpnasölum 14 | Kópavogur | 2.500 |
| 200431-4809 | Þorsteinn Jón Þorsteinsson | Nesbala 62 | Seltjarnarnes | 2.500 |
| 020362-5969 | Elín Inga Baldursdóttir | Suðurgötu 80 | Hafnarfjörður | 2.500 |
| 271230-3469 | Lilja Hjartardóttir | Lækjarbergi 21 | Hafnarfjörður | 2.500 |
| 290554-4549 | Margrét Sæunn Frímannsdóttir | Sandprýði | Stokkseyri | 2.500 |
| 241157-2969 | Ingunn Bjarnadóttir | Suðurgötu 106 | Hafnarfjörður | 2.500 |
| 301036-3459 | Dóra Ingvadóttir | Stapaseli 13 | Reykjavík | 5.000 |
| 150515-3789 | Unnur Þorgeirsdóttir | Bogahlíð 9 | Reykjavík | 2.500 |
| 130664-6959 | Elín Magnadóttir | Jötnaborgum 4 | Reykjavík | 2.500 |
| 141249-2239 | Ingibjörg Gestsdóttir | Engjaseli 60 | Reykjavík | 2.500 |
| 240336-2439 | María Ragnarsdóttir | Vesturbergi 78 | Reykjavík | 2.500 |
| 221270-5419 | Margrét T. Friðriksdóttir | Ólafsgeisla 75 | Reykjavík | 2.500 |
| 700889-1229 | Dansskóli Jóns Péturs og Köru sf. | Borgartúni 6 | Reykjavík | 5.000 |
| 151039-7319 | Þór Símon Ragnarsson | Miðhúsum 44 | Reykjavík | 2.500 |
| 120259-2029 | Sigrún Erla Þorsteinsdóttir | Gerðhömrum 26 | Reykjavík | 2.500 |
| 160266-3419 | Guðrún Högnadóttir | Þrastarlundi 5 | Garðabær | 2.500 |
| 011149-4569 | Erla Ólafsdóttir | Eyktarási 20 | Reykjavík | 5.000 |

| Kennitala | Nafn | Heimili | | Upphæð |
|---|---|---|---|---|
| 620683-0199 | Hornið ehf. | Hafnarstræti 15 | Reykjavík | 10.000 |
| 211054-4689 | Guðrún Jónsdóttir | Suðurgötu 67 | Reykjavík | 2.500 |
| 011063-7139 | Tómas Hallgrímsson | Einarsnesi 20 | Reykjavík | 2.500 |
| 670996-2209 | Þráinn Skóari ehf. | Grettisgötu 3 | Reykjavík | 5.000 |
| 050838-4049 | Garðar Steinarsson | Flyðrugranda 4 | Reykjavík | 5.000 |
| 101253-3929 | Sveinsína Björg Jónsdóttir | Álfholti 6 | Hafnarfjörður | 2.500 |
| 280946-4869 | Jónas G. Ragnarsson | Aratúni 16 | Garðabær | 2.500 |
| 050339-4839 | Marsibil Katrín Guðmundsdóttir | Aratúni 16 | Garðabær | 2.500 |
| 041260-4839 | Guðmundur Jónsson | Breiðvangi 5 | Hafnarfjörður | 2.500 |
| 040256-4829 | Hanna Karen Kristjánsdóttir | Hólmgarði 41 | Reykjavík | 2.500 |
| 050454-3129 | Þórir Georgsson | Hólmgarði 41 | Reykjavík | 2.500 |
| 450796-2129 | Líknarsjóður Harðar og Unnar | Stigahlíð 88 | Reykjavík | 300.000 |
| 070556-3249 | Þuríður Magnúsdóttir | Svöluási 1b | Hafnarfjörður | 2.500 |
| 070170-4939 | Daníel Reynisson | Holtagerði 70 | Kópavogur | 2.500 |
| 041052-3929 | Kristjana Ásta Á. Long | Smyrilsvegi 31 | Reykjavík | 2.500 |
| 201246-3189 | Esther Sigurðardóttir | Reynibergi 3 | Hafnarfjörður | 500 |
| 031244-4129 | Jón Ívarsson | Sjávargrund 6a | Garðabær | 2.500 |
| 281260-3329 | Laufey Jóhannsdóttir | Ægissíðu 78 | Reykjavík | 2.500 |
| 201060-8349 | Jan B. Thomsen | Ægissíðu 78 | Reykjavík | 2.500 |
| 220729-2659 | Margrét Ólafsdóttir | Ægissíðu 78 | Reykjavík | 2.500 |
| 111159-7349 | Margrét Magnúsdóttir | Sólarsölum 2 | Kópavogur | 2.000 |
| 111254-4869 | Gunnhildur Magnúsdóttir | Víkurbakka 36 | Reykjavík | 2.500 |
| 120678-4699 | Rúnar Guðjón Peters | Laugavegi 60 | Reykjavík | 6.714 |
| 250555-3349 | Júlíus Steinar Birgisson | Frostafold 26 | Reykjavík | 5.000 |
| 201246-3189 | Esther Sigurðardóttir | Reynibergi 3 | Hafnarfjörður | 2.500 |
| 270862-2099 | Hafdís Magnúsdóttir | Fannafold 106 | Reykjavík | 2.500 |
| 050764-3899 | Erna Magnúsdóttir | Breiðvangi 5 | Hafnarfjörður | 2.500 |

*Stofnfé og ábyrgð.*

5. gr.

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 774.214, sem er framlag stofnenda félagsins. Óheimilt er að skerða stofnfé.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hún kann að eignast síðar.

*Tekjur.*

6. gr.

Tekjur stofnunarinnar skulu vera:

Vaxtatekjur.

Styrkir, gjafir, auglýsingatekjur eða önnur framlög sem stofnuninni kunna að berast.

Aðrar tekjur.

*Stjórn.*

7. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fimm aðalmönnum. Jafnframt skulu við kjör á aðalmönnum í stjórn kosnir tveir menn í varastjórn til sama tíma. Stjórnin skal kosin til tveggja ára í senn, en formaður skal kosinn á hverjum aðalfundi.

Starfsmenn geta ekki setið í stjórn félagsins.

Framkvæmdastjóri situr stjórnarfundi en hefur ekki atkvæðisrétt.

Enginn getur setið samfellt í stjórn félagsins lengur en fjögur kjörtímabil, þ.e. átta ár í röð. Þó er heimilt að stjórnarmaður sé kosinn til allt að tveggja kjörtímabila sem formaður, umfram fyrrgreind fjögur kjörtímabil. Ef stjórnarmaður hættir störfum á fyrra ári kjörtímabils skal á næsta aðalfundi kjósa stjórnarmann til eins árs, í hans stað.

Stjórnin kýs sér varaformann, ritara og gjaldkera. Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Fyrsta stjórn félagsins skal kosin á stofnfundi. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi og ber hún ábyrgð á fjárvörslu stofnunarinnar. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt prókúruumboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Halda skal fundargerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum.

8. gr.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfunda.

9. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur (eða endurskoðendafélög) til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna.

*Reikningsárið.*

10. gr.

Starfsár og reikningsár er frá 1. janúar til 31. desember. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreiknings og lagt hann fyrir endurskoðendur eigi síðar en 30. mars ár hvert.

11. gr.

Hagnaði sem verður af starfsemi stofnunarinnar skal varið til þeirra verkefna er greinir í 3. gr. samþykktar þessarar. Þó er stjórn hennar heimilt að leggja sanngjarna fjárhæð til hliðar til að tryggja fjárhagsstöðu og áframhaldandi rekstur stofnunarinnar.

Hugsanlegt tap af starfsemi stofnunarinnar verður greitt úr sjóðum stofnunarinnar eða fært á næsta reikningsár.

*Breyting samþykkta, slit og sameining.*

13. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá stofnunarinnar og þarf til þess samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar á tveimur fundum stjórnar, sem haldnir skulu með minnst einnar viku millibili.

14. gr.

Með tillögum um slit og skipti á stofnuninni skal fara sem um breytingar á skipulagsskrá þessum. Komi til þess að stofnunin verði lögð niður skal hrein eign hennar renna til hliðstæðra verkefna og tilgreind eru í 3. gr. eftir nánari ákvörðun stjórnar.

15. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Samþykkt á fundi sjálfseignarstofnunarinnar Ljósið í Reykjavík 20. janúar 2006.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. mars 2006.*

**Hjalti Zóphóníasson.**

*Bryndís Helgadóttir.*

B-deild – Útgáfud.: 12. apríl 2006